

## Vinsamlega athugaðu eftirfarandi ábendingar um tryggingavernd í slysatryggingu þinni.

Í tryggingarskírteininu koma fram hvaða tryggingagreiðslur þú hefur samið um við okkur. Forsendur fyrir tryggingagreiðslum eru tilgreindar í „Almennir tryggingarskilmálar“ eða „Sérstakir tryggingarskilmálar“.

Við vekjum sérstaklega athygli á eftirfarandi forsendum til greiðslu bóta og frestum (sjá: Nauðsynleg gögn og leiðbeiningar vegna vinnslu á slysamáli).

### **Bráðabætur: (ef innifalið í tryggingu, sjá skilmála)**

Bráðabætur eru greiddar einu sinni vegna hvers slyss ef hinn tryggði beinbrotnar eða ef vöðvi, sin, band eða liðpoki slitnar alveg við slysið. (sjá nánar í skilmálum).

### **Biðtímabætur: (ef innifalið í tryggingu, sjá skilmála)**

Réttur til 50% biðtímabóta er fyrir hendi þegar líkamleg eða andleg hæfni hins tryggða er:

- Skert um 100% vegna slyssins, eftir 3 mánuði talið frá slysadegi, án áhrifa sjúkdóma eða kvilla.
- Skerðingin hefur staðið óslitið innan þessara 3ja mánaða.

Réttur til þeirra 50% sem eftir eru eða fullra biðtímabóta verður til þegar líkamleg eða andleg hæfni hins tryggða er:

- Skert um meira en 50% eða 100%\* vegna slyssins, eftir 6 mánuði talið frá slysadegi, án áhrifa sjúkdóma eða kvilla.
- Skerðing hefur staðið óslitið innan þessara 6 mánaða.

Kröfuna verður að leggja fram ásamt læknisvottorð í síðasta lagi 4 eða ef við á 7 mánuðum eftir að slysið varð. Það gildir óháð því hvort þú hafir áður tilkynnt okkur um slysið eða ekki.

### **Ef þú gætir ekki frestsins til að leggja kröfuna fram getur það leitt til þess að réttur til biðtímabóta falli niður.**

### **Örorkubætur:**

Réttur til örorkubóta er fyrir hendi þegar andleg eða líkamleg hæfni hin tryggða skerðist varanlega vegna slyss (örorka) og örorkan er:

- Komin fram innan 1 árs eftir slysið
- Hefur verið skriflega staðfest af lækni innan 15 / 24\* mánaða frá slysadegi
- Þú hefur lagt fram kröfu vegna örorku innan 15 / 24\* mánaða frá slysadegi (jafnvel þó þú hafir þegar tilkynnt okkur um slysið)

### **Ef þessum kröfum er ekki fullnægt fellur réttur til örorkubóta niður.**

## **Tilkynninga- og upplýsingaskylda**

Í tryggingarsamningum er tilgreint hvaða tilkynninga- og upplýsingaskylda þú hefur eftir tilkomu bótamáls.

Við bendum þér sérstaklega í stuttu máli á eftirfarandi atriði:

- Skyldu til að veita upplýsingar til staðfestingar á bótamálinu eða umfangi greiðsluskyldu okkar, einkum upplýsingar sannleikanum samkvæmt í slysatilkynningunni sem þú sendir.
- Rannsókn lækna í umboði okkar í því umfangi sem nauðsynlegt er til að staðfesta greiðsluskyldu okkar.
- Leyfisveitingu til annarra tryggingafélaga og yfirvalda til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar sem þarf til að kanna kröfurnar sem lagðar eru fram.
- Ef brotið er gegn samningsbundnum skyldum að yfirlögðu ráði erum við ekki greiðsluskyld. Ef brotið er gegn þeim af vítaverðu gáleysi er hægt að skerða bætur eftir því hve sökin er mikil.

- Greiðsluskylda er þó fyrir hendi einnig þegar um er að ræða brot af yfirlögðu ráði og vítavert gáleysi ef brotið gegn skyldunni hefur hvorki áhrif á staðfestingu bótaskýldisins né staðfestingu umfangs greiðsluskyldu okkar, nema ef brotið er gegn skyldunni í blekkingarskyni.

\* Fer eftir gildandi skilmála tryggingarinnar

#### **Lýtaaðgerðir:**

Í slysatryggingu þinni er kostnaður við lýtaaðgerðir vegna slyss tryggður.

- Við greiðum ef útlit hins tryggða helst varanlega skaðað eftir að lækni meðferð er lokið.
- Ef hinn tryggði lætur framkvæma aðgerð til að lagfæra þennan skaða berum við kostnaðinn sem tengist aðgerðinni og klínískri meðferð.
- Ef annar bótaskyldur aðili (t.d. sjúkratryggingar) kemur að málinu greiðum við aðeins kostnaðinn sem umfram er.
- Vinsamlega láttu aðra bótaskylda aðila (t.d. sjúkratryggjendur ábyrgðatrygginga mótaðilans) staðfesta hvort og hversu hár kostnaður var bættur. Áritun á frumrit reiknings nægir.
- Aðgerðin verður að hafa farið fram fyrir lok þriðja árs frá slysadegi.